

LÖG

um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist árið 2000 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.

Nr. 117

28. desember 1999

LÖG

um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 40. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarstjórn er heimilt að víkja frá ákvæðum þessara laga um meðferð umsókna um byggingarleyfi og verkvið byggingarfulltrúa í sérstakri samþykkt, sbr. 5. og 6. mgr. 37. gr., og að fenginni staðfestingu ráðherra.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætast þrír nýir töluliðir, svohljóðandi:

10. Þeir einstaklingar sem fengu útgefið eða áttu rétt á að fá útgefið meistarabréf fyrir 1. janúar 1989 og ekki hafa lokið meistaraskóla eiga rétt á löggildingu til að bera ábyrgð á verkframkvæmdum fyrir byggingarnefnd skv. 2. mgr. 52. gr., enda hafi þeir sótt námskeið sem umhverfisráðuneytið stendur fyrir í samvinnu við prófnefnd skipulags- og byggingarmála og Samtök iðnaðarins. Heimilt er að taka gjald vegna kostnaðar við námskeiðahald. Gjöld skulu aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu. Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis en heimild þessi gildir til 1. júlí 2001.